

## Stjórnarfundur

18. janúar 2008

### Fundargerð : Stjórn SSA 18. janúar 2008

#### Fundarstaður Hótel Hérað Egilsstöðum kl. 12.00

**Fundurinn sem hófst með hádegisverði tengist m.a boðuðum fundi Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga með stjórn SSA og fulltrúum aðildarsveitarfélaga SSA sem hefst kl. 16.00 á sama stað.** (sjá dagskrá 4/3)

Mættir eru : Bj. Hafþór Guðmundsson , Ólafur Ármannsson, Diana M. Sveinsdóttir, Páll Baldursson og varamenn Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Baldur Pálsson. Forföll boðuðu Guðmundur R. Gíslason ,Guðmundur Ólafsson,Ólafur Sigurðsson , Reynir Arnarson og Guðrún Ingimundardóttir.

Framkvæmdastjóri er mættur.

#### 1. Fundarsetning:

Að loknum ,og eða með, hádegisverði setti formaður fund kl. 12.30.

#### 2. Fundargerð stjórnar SSA frá 26. nóvember 2007.

Með vísan í 1. lið fundargerðar þakkaði Ó.Á .

Í umræð um lið 9/2 “Starfsstöð framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs” ( ÓÁ-BGH-BP-PB-GI-ÞJ) kom fram að nauðsynlegt er að sátt ríki um starfsemina og störf stjórnar. Ítrekað er að æskilegt er að starfsstöð framkvæmdastjóra verði á áhrifasvæði þjóðgarðsins á Austurlandi.

#### 3. Frá Landshlutasamtökum :

3/1 Eyþing stjórn 189. fundur 19. des. 2007.

Fundargerðin lögð fra.

3/2 SASS stjórn 409. fundur 19.desember 2007

Fundargerðin lögð fram

#### 4. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

4/1 Fundargerð stjórnar 749. fundar 14. des. 2007.

Umræður urðu um 5.-15.-16 .-17.-19.og 22. liði en þeir snerta efnislega þau málefni sem m.a munu koma til umræðu á fundi með stjórn Sambandsins kl. 16.00.

4/2 Könnun á viðhorfi til starfsemi og þjónustu Sambandsins 26. nóv. 2007

Könnunin var send öllum sveitarstjórnnum.

4/3 Fundarboð um sameiginlegan fund 18. jan. nk. Hótel Hérað Egilsstöðum.

Farið yfir þær áherslur sem stjórnarmenn munu taka upp á fundinum og þeim skipt á stjórnarmenn til fyrirspurnar . Formaður SSA mun halda ávarp í upphafi fundar ásamt formanni Halldóri Halldórssyni.

#### **5. Starfshópur minni sveitarfélaga (5) á Austurlandi ,utan vaxtarsvæðis.**

*Minni sveitarfélög á Landsbyggðinni .*

5/1 Fundur starfshóps með Byggðamálaráðherra 17.des. sl. Minnisblað

P.B og Þ.J fóru yfir það helsta sem fram fór á fundinum helst áherslur sm.b.fyrirliggjandi minnisblað. Mættir voru fullrúar frá öllum 5 sveitarfélögunum ásamt framkvæmdastjóra SSA og framkvæmdastjóra ÞFA , ráðherra Össur Skarphéðinsson og ráuneytisstjóri Iðnaðarráðuneytis.

5/2 Bréf Starfshóps til Byggðamálaráðherra 19.des. Svar ráðherra 20.des.

Allir stjórnarmenn tjáðu sig um bréfið og svarið. Efnislega voru þeir sammála um að þarna hafi átt sér stað óheppileg og óvenjuleg “uppákoma” en fundurinn í heild leitt til jákvæðrar niðurstöðu fyrir verkefnið. Form. og framkvæmdastjóri sem áttu óformlegan fund með ráðherra (6. jan.sl) þökkðu honum sérstakleg fyrir að hafa komið verkefninu í þann farveg sem raunin er nú. ( sjá 5/3)

5/3 Nefnd forsætisráðuneytis (4 janúar) um leiðir til að styrkja atvinnulíf og

samfélag á svæðum þar sem hagvöxtur er lítill .

Tilkynnt hefur verið að Geir Haarde forsætisráðherra hafi ákveðið með samþykki ríkisstjórnar Íslands að skipa tvær nefndir *til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag á svæðum þar sem hagvöxtur er lítill.*

Annari nefndinni er ætlað að fjalla um fámenn byggðarlög á Norðurlandeystra og Austurlandi.Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar , þrjár fulltrúar stjórnvalda og tveir frá viðkomandi svæðum.Nefndin skal skila af sér tillögum til forsætisráðherra eigi síðar en 1. maí. nk.Hin nefndin mun fjalla um Norðvesturland og á að skila af sér 1. mars. Formaður beggja nefndanna verður Halldór Árnason í forsætisráðuneytinu.

Formaður sagði að hér væri komið svar Byggðamálaráðherra og stjórnvalda við ósk sveitarfélaganna 5 á Austurlandi . Hann sagði frá því að á óformlegum fundi fjögurra fulltrúa sveitarfélaganna fimm á Hótel Héraði 6. janúar sl. hafi verið samþykkt að ef forsætisráðuneytið óskaði eftir tilnefningu tveggja fulltrúa af svæðinu í nefndina væri eðlilegt að SSA tilnefndi einn og Eyþing annann. Lagði hann til að framkvæmdastjóri SSA verði tilnefndur og bakland hans í vinnunni verði fulltrúar sveitarfélaganna 5 ásamt framkvæmdastjóra ÞFA. Hann sagðist hafa tjáð formanni Halldóri Árnasyni þessa tilhögun þegar Halldór hafði símasamband við hann fyrir nokkrum dögum m.a. um skipan nefndarinnar.

Stjórn SSA styður tilhögun og tilnefningu formanns og væntir þess að vinna nefndarinnar skili marktækum árangri fyrir þessi byggðarlög.

5/4 Samráðsvettvangur minni sveitarfélaga .

Bréf og fundargerð frá fundi hjá S.Í.Sv . R.vík 17. des. 07.

P.B. og framkvæmdastjóri sem sóttu fundinn, haldinn að frumkvæði bæjarstjóra Bolungarvíkur og sveitarstjóra Súðavíkur, sögðu frá því helsta sem þar fór fram og voru þeir sammála um að mikill munur væri á skoðunum fulltrúa minni sveitarfélagna t.d hvað varðar sameiningar sveitarfélaga og framlög til þeirra úr jöfnunarsjóði og einnig rétt sveitarfélaga til framlaga og áhrifa – og afskipta leysis innan stjórnar Sambandsins. Fundurinn var mjög vel sóttur. Samþykkt var að halda a.m.k. árlega samráðsfund minni sveitarfélaga ( undir 1000) og að næsti fundur verði í tengslum við Landsþingið 4. apríl nk. Bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar boðar fundinn og gerir drög að dagskrá.

#### 6. Samningur ríkis og sveitarfélaga um menningarmál 2008-2010.

Formaður sem skrifaði undir samninginn fyrir hönd SSA á Hótel Héraði 9. janúar sagði að aðdragandi og fyrirvari hafi verið mjög stuttur , þar sem samningurinn lá ekki fyrir í endanlegum búningi fyrr en daginn fyrir undirskrift. Þar var ekki við okkar fólk fólk að sakast ( Signý – Óðinn G.og framkvæmdastjóra ) en þau unnu mjög gott starf sem sem ber að þakka. Hann greindi menntamálamálaráðherra og iðnaðarráðherra frá þessu við undirskriftina.

#### 7. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál.2008-2010.

Sveitarfélögin undirrituðu öll ( 2 með umboði) samninginn á Hótel Héraði 9. janúar.

Endanleg gerð samnings lá fyrir aðeins nokkrum dögum fyrir undirskriftina og hafði verið send á sveitarfélögin. (G.I) sagði að tíminn hafi verið alltof stuttur sem sveitarfélögunum er gefinn til að afgreiða samningana og það sé ekki æskileg stjórnsýsla. Stjórnarmenn lýstu að öðru leiti yfir ánægju með gerða samninganna.

#### 8. Nefndasvið Alþingis : Menntamálanefnd Alþingis: frumvörp

8/1 Grunnskólar 285. mál [www.althingi.is/altex/135/s/0319.html](http://www.althingi.is/altex/135/s/0319.html)

8/2 Framhaldsskólar 286. mál [www.althingi.is/altex/135/s/0320.html](http://www.althingi.is/altex/135/s/0320.html)

8/3 Leikskólar 287. mál [www.althingi.is/altex/135/s/0321.html](http://www.althingi.is/altex/135/s/0321.html)

8/4 Menntun og ráðning kennara og stjórnenda

[www.althingi.is/altex/135/s/0321.html](http://www.althingi.is/altex/135/s/0321.html)

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga (G.B) um ofangreind þingmál sem bárust í tölvupósti skömmu fyrir fund. Upplýst er að stjórn Sambandsins er að ganga endanlega frá umsögn sinni en hún fundar nú hér á Hótel Héraði. *Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og formanni að ganga frá umsögn með vísan í umræður stjórnarmanna og og umsagnar Sambandsins .*

9. Tilnefningar SSA í Svæðisráð um málefni fatlaðra á Austurlandi .12.des.sl

( sjá bókun framkv.ráð SSA lið10/4 fundur 24. okt.2006)

Þrír aðalmenn og þrír til vara : Þannig :

Aðalmaður : Elín Magnúsdóttir 230456-5509 Lækjarbrekku 2 781 Höfn

Varamaður : Halldóra B. Jónsdóttir 301052-2279 Hrísbraut 13 780 Höfn

Aðalmaður :Sigríður Stefánsdóttir 180451-2189 Melagötu 13 740 Neskaupstað Varamaður :Guðmundur Þorgrímsson 301056-4869 Skólavegi 50a 735 Fáskrúðsfirði

Aðalmaður :Þráinn Lárusson 150462-7549 Hjalla 701 Egilsstaðir

Varamaður :Kristín Þ.Porsteinsdóttir 100977-3469 Útgarði 7 700 Egilsstaðir

10. Breytt þjónusta á skrifstofu Seyðisfirði .

10/1 Starfslok Kristín Klemensdóttir.

Framkvæmdastjóri upplýsti að Kristín Klemensdóttir sem starfað hefur á skrifstofu SSA hætti störfum nú í lok janúar. Kristín hóf störf fyrir SSA 1999.

Stjórn SSA þakkar Kristínu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

10/2 Verk og þjónustu samningur við Skrifstofuþjónustu Austurlands.

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann hafi gert verk og þjónustusamning við Skrifstofuþjónustu Austurlands frá 1. febr. nk um að þjónusta skrifstofu SSA með bókhald og aðra nauðsynlega skrifst.þjónustu. Kostnaður v/ nýs þjónustusamnings er innan ramma fjárhagsáætlunar SSA 2008.

11. Íbúafjöldi á Austurlandi 1. des. 2007 ( Hagstofan )

Fyrirliggjandi er samantekin tafla á upplýsingum frá Hagstofunni.

Áfram-haldandi fækkun er í öllum sjávarbyggðum utan vaxtarsvæðis Miðausturlands.

Fækkunin á Hornafirði -62 en hlutfallsega mest fækkun á Breiðdalsvík -28.

<!--[if !supportLists]-->12 <!--[endif]-->Bréf og erindi sem borist hafa :

12/1 Fljótsdalshérað /Dreifbýlis-ogHálendisnefnd. dgs. 19/12. 07

Greinargerð J.J. um lagaákvæði um hreindýr og hreindýraveiðar.

Dreifbýlis og hálendisnefnd Fljótsdalshéraðs óskaði eftir því við Jón Jónnsson hdl. að hann vinni greinagreð um núgildandi laga ákvæði um hreindýraveiðar og komi með tillögur um breytingar á þeim.

Greinargerð og tillögur J.J liggja fyrir og óskar nefndin eftir því að þær verði sendar til stjórnar SSA og leggur á það áherslu að málinu verði fylgt fast eftir eins og segir í bréfinu. BHG- G.I og B.P tóku undir að nauðsynlegt er að skoða skipulag þessara mála vel og gera breytingar sem sátt næst um. Fjárhagsleg og samfélagsleg markmið veiðanna þurfa að vera skýr og fara betur saman og vægi heimamanna í ákvörðunartöku þarf að aukast. Upplýst er að P.J. og G.I sitja í hreindýraráði .

*Stjórn SSA samþykkir að erindinu verði vísað til Hreindýraráðs til umsagnar .*

12/2 Grunnskóli Hornafjarðar dgs. 19.12.07 : Styrkbeiðni .

Erindinu er hafnað.

12./3 Félagsmálaráðherra d.gs. 31.12. 07. Þróunarsjóður innflytjendamála .

Styrkveiting SSA til eftirfylgni : “Svona gerum við”

Félagsmálaráðherra tilkynnir um styrk til SSA úr Þróunarsjóði Innflytjendamála að Upphæð 500.000.kr. v/ Eftirfylgni SSA við verkefnið : Svona gerum við.

Framkvæmdastjóri upplýsti að styrkurinn verði nýttur til að vinna skýrslu til aðalfundar SSA 2008 “Tillögur og aðagerðaráætlunum fyrir sveitarfélögin.”

<!--[if !supportLists]-->13. <!--[endif]-->Önnur mál.

13/1 Fundur LN með sveitarstjórnnum á Austurlandi:

Borist hefur beiðni frá Launanefnd Sveitarfélaga ( Karl Björnsson ) um að SSA boði samráðsfund LN og sveitarfélaganna á Austurlandi v/kjaramála kennara.

Óskað er eftir því að SSA tilnefni dag og staðsetningu.

*Samþykkt að óska eftir að fundur á Austurlandi verði á Reyðarfirði 12. febrúar kl. 13.00. Framkvæmdastjóra falið að finna fundarstað í samráði við bæjarstjóra Farðabyggðar.*

13/2 Ráðstefna um Staðardagskrá 21.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að Landsráðstefna um Staðardagskrá verði í Hveragerði 8. og 9. febrúar.

13/3 Námskeið og kynning í skipulagsgerð sveitarfélaga.

Umhverfisráðuneytið í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og Skipulagsstofu

Í Reykjavík, Rúgbrauðsgerðinni, 31. jan og 1. febr.

13/4 Ráðstefna um snjóflóðavarnir , skipulags og samfélagsmál.

*Alþjóðleg ráðstefna á Egilsstöðum 11-14 mars nk.*

13/5 Framkvæmdaráðsfundur í febrúar.

Stefnt er á framkvæmdaráðsfund SSA um mánaðarmót febrúar/ mars n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið 15.30.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson

Að loknum stjórnarfundum hófst (kl. 16.00) samráðsfundur SSA og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga s.m.b. liður 4/3.